

5. VERKLAGSREGLUR Siðanefndar háskólanna um vísindarannsóknir

5.1. Skipan Siðanefndar háskólanna um vísindarannsóknir

5.1.1. Háskólaráð skipar Siðanefnd háskólanna um vísindarannsóknir. Nefndin er skipuð sjö fulltrúum, fjórum fulltrúum og varamönnum þeirra eftir tilnefningu frá forsetum fræðasviða Háskóla Íslands. Aðrir háskólar tilnefna sameiginlega tvo fulltrúa og varamenn þeirra. Auk þess tilnefnir Siðfræðistofnun Háskóla Íslands einn fulltrúa auk varamanns. Formaður nefndarinnar og varamaður hans eru skipaðir af rektor úr hópi fulltrúa fræðasviða háskólans. Skipunartími nefndarinnar er þrjú ár í senn. Við tilnefningu skal fylgt ákvæðum í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

5.1.2. Siðanefndar háskólanna um vísindarannsóknir getur ráðfært sig við sérfræðinga eftir því sem tilefni er til.

5.1.3. Um hæfi nefndarmanna fer eftir 3. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

5.1.4. Með nefndinni starfar starfsmaður af vísinda- og nýsköpunarsviði Háskóla Íslands.

5.2. Verksvið Siðanefndar háskólanna um vísindarannsóknir

5.2.1. Siðanefnd háskólanna um vísindarannsóknir veitir kennurum, nemendum, sérfræðingum og öðrum starfsmönnum Háskóla Íslands og annara háskóla sem aðild eiga að samstarfsnefnd háskólastigsins umsögn um rannsóknaráætlanir og eru siðareglur þessar lagðar til grundvallar við umsögnina. Rannsakanda eða ábyrgðarmanni rannsóknar er skylt að leita umsagnar nefndarinnar vegna rannsókna sem fjalla um siðferðilega viðkvæm viðfangsefni (sjá: <http://www.personuvernd.is/spurningar-og-svor/grundvallarhugtok/>) eða beinast að einstaklingum eða hópum í viðkvæmri stöðu. Þátttakendur í viðkvæmri stöðu eru til að mynda börn og einstaklingar sem eiga erfitt með að meta áhættu og veita upplýst samþykki sökum þroskaskerðingar eða líkamlegra eða andlegra veikinda, einstaklingar sem sæta þvingaðri innlögn eða nauðungarvistun á stofnunum, sem og þátttakendur rannsókna þar sem blekkingum er beitt. Heimilt er að leita umsagnar nefndarinnar fyrir aðrar rannsóknir, enda séu þær ekki leyfisskyldar samkvæmt lögum.

5.2.2. Umsókn á rafrænu formi þarf að hafa borist starfsmanni Siðanefndar háskólanna um vísindarannsóknir eigi síðar en viku fyrir áætlaðan fundartíma nefndarinnar ef hún á að hljóta afgreiðslu á fundinum. Öll umbeðin fylgiskjöl verða að fylgja umsókninni til að nefndin taki hana til umfjöllunar.

5.2.3. Siðanefnd háskólanna um vísindarannsóknir fundar svo oft sem þurfa þykir.

5.3. Önnur verkefni

5.3.1. Nefndin skal afla upplýsinga og stuðla að fræðslu og upplýstri umræðu í háskólasamfélaginu um siðfræði rannsókna og góða starfshætti í rannsóknum.

5.3.2. Nefndin gerir reglulega grein fyrir starfsemi sinni á heimasíðu.

5.3.3. Siðanefnd háskólanna um vísindarannsóknir skal vera rektor og háskólaráði Háskóla Íslands og samstarfsnefnd háskólastigsins til ráðuneytis um málefni á starfssviði nefndarinnar.